

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit 2008.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

	kr.
Íbúðir:	16.500
Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun:	8.300
Fyrirtæki:	
Flókkur 1	4.500
Flókkur 2	8.300
Flókkur 3	13.200
Flókkur 4	33.000
Flókkur 5	66.000
Flókkur 6	99.000
Flókkur 7	132.000
Flókkur 8	264.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum og lögbýlum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu og þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundum hennar þann 20. desember 2007.

Þá hefur gjaldskráin hlotið umfjöllun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir sorpgjöld í Þingeyjarsveit nr. 284/2007.

Þingeyjarsveit, 20. desember 2007.

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2008